Veiðigjaldsnefnd 27. júní 2016

# Ákvörðun veiðigjaldsnefndar um veiðigjald fiskveiðiárið 2016/17 og almanaksárið 2017 vegna stofna sem stjórnað er með aflamarki útgefnu í ársbyrjun 2017.

Til: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Gunnars Braga Sveinssonar,

Kristjáns Skarphéðinssonar ráðuneytisstjóra og Jóhanns Guðmundssonar skrifstofustjóra

Frá: Veiðigjaldsnefnd, Arndísi Á Steinþórsdóttur, Daða Má Kristóferssyni og Jóhanni Sigurjónssyni

Dags.: 27. júní 2016

Samkvæmt lögunum 74/2012 um veiðigjald eru verkefni veiðigjaldsnefndar í **fyrsta lagi** að reikna afkomuígildi byggða á framlegð hvers veiðistofns. **Í öðru lagi** er verkefni nefndarinnar að reikna fjárhæð veiðigjalds og **í þriðja lagi** að ákvarða veiðigjald á hvern nytjastofn sem krónur á kílógramm óslægðs afla (sjá töflur 5, 6, 7 og 8). Veiðigjald þetta skal greitt vegna afla veiddum á fiskveiðiárinu 2016/2017, sem hefst 1. september 2016 auk afla veiddum á almanaksársinu 2017 í tilviki stofna sem stjórnað er með aflamarki sem gefið er út í upphafi árs.

**Mat afkomuígilda:**

Mat afkomuígilda byggir á sambærilegum gögnum og fyrri ár, þ.e. aflaverðmæti einstakra fisktegunda samkvæmt gögnum Fiskistofu, fjölda veiðidaga samkvæmt gögnum úr afladagbókum frá Hafrannsóknastofnun og úthaldskostnaði samkvæmt skýrslu Hagstofu Íslands um Hag veiða og vinnslu. Á grundvelli þessara gagna hefur Hagfræðistofnun Háskóla Íslands metið afkomuígildi í samræmi við tilmæli laga 74/2012 um veiðigjald. Í þessum útreikningi er þröngt skilgreind framlegð reiknuð á grundvelli tekna, gagna Hagstofu um hlutfall launakostnaðar og umfang annars úthaldskostnaðar á sóknardag að teknu tilliti til verðbreytinga, sem og umfangs sóknar í ólíkar tegundir á grundvelli fjölda sóknardaga við veiðar hverrar tegundar, skipt milli tegunda á grundvelli hlutfallslegs aflaverðmætis í hverri veiðiferð. Vegna þess að gögn um kostnað eru einungis flokkuð eftir skipaflokkum byggir uppgjörið á gögnum skipaflokka um aflaverðmæti, hlutfall launa ásamt margfeldi breytilegs kostnaðar og heildar fjölda sóknardaga allra skipa innan skipaflokks fyrir hverja fisktegund. Samtala fyrir alla skipaflokka gefur heildarafkomu fyrir hverja fisktegund. Tafla 1 sýnir þá kostnaðarliði sem falla undir skilgreiningu breytilegs úthaldskostnaðar. Gögn Hagstofu Íslands ná til almanaksársins 2014, gögn Hafrannsóknarstofnunar um heildarsókn ná annars vegar til almanaksársins 2014, til útreiknings á heildar fjölda sóknardaga ólíkra skipaflokka og einnig til úthalds hverrar veiðiferðar frá 1. apríl 2015 til 31. mars 2016, sem eru nýjustu fáanlegu gögn. Gögn Fiskistofu um aflaverðmæti ná til sama tímabils, 1. apríl 2015 til 31. mars 2016.

| Tafla 1 Gjaldaliðir: | Með-talið? (1=já, 0=nei) |
|---|---|
| | |
| 2.2 Önnur laun | 1 |
| 2.4 Olíur | 1 |
| 2.5 Veiðarfæri | 1 |
| 2.6 Viðhald | 1 |
| 2.7 Frystikostn. umbúðir og fl. | 1 |
| 2.8 Flutningskostnaður | 1 |
| 2.9 Laun v/skrifstofu | 0 |
| 2.10 Skrifst.kostnaður | 0 |
| 2.11 Tryggingar | 0 |
| 2.12 Sölukostnaður | 0 |
| 2.13 Löndunarkostnaður | 1 |
| 2.14 Kvótaleiga | 0 |
| 2.15 Önnur gjöld | 0 |

Eins og áður sagði eru gögn um breytilegan úthaldskostnað tekin úr skýrslu Hagstofu Íslands um Hag veiða og vinnslu, en nýjasta skýrslan byggir á gögnum frá 2014. Breytilegur kostnaður á úthaldsdag er því leiðréttur fyrir breytingum á almennu verðlagi m.v. vísitölu neysluverðs að meðaltali á árinu 2014 til september 2015 og er það i samræmi við það sem áður hefur verið gert við útreikning á afkomuígildum. Almenn verðlagshækkun á þessum tíma er 2,3%. Við frádrátt á kostnaði vegna launa er notað sama hlutfall launa og launatengdra gjalda vegna aflahluta og laun eru í uppgjöri Hagstofunnar.

Afkomuígildi ólíkra fisktegunda byggðum á framangreindum forsendum má finna töflum 5 og 6, fyrir botnfisk annars vegar og uppsjávarfisk hins vegar:

**Þróun hagnaðar og fjárhæð veiðigjalds**

Í febrúar s.l. birti Hagstofa Íslands ritið Hagur veiða og vinnslu 2014. Upplýsingar úr því riti eru forsendur fyrir útreikningi veiðigjalds. Tafla 2 sýnir þróun EBT hagnaðar við veiðar ólíkra skipaflokka frá 2009 til 2014.

**Tafla 2: EBT hagnaður fiskveiða 2009-2014. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagur veiða og vinnslu**

| Hreinn hagnaður EBT m.kr. | Samtals | Bátar undir 10 brl. | Bátar 10-200 brl. | Bátar > 200 brl. | Upp-sjávar-veiðiskip | Ísfisk-togarar | Botn-fiskfrysti-togarar* | Upp-sjávar-frystiskip |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2009 | 10.733 | 227 | -261 | 154 | 591 | 2.837 | 7.184 | |
| 2010 | 18.617 | 645 | 3.808 | 5.106 | 1.859 | 3.330 | 3.867 | |
| 2011 | 23.218 | 344 | 2.428 | 1.818 | 3.972 | 2.216 | 12.440 | |
| 2012 | 22.119 | -284 | 2.363 | 2.078 | 4.523 | 4.021 | 4.936 | 4.482 |
| 2013 | 27.985 | -299 | 4.571 | 2.993 | 2.326 | 4.922 | 6.000 | 7.471 |
| 2014 | 14.873 | 203 | 3.201 | 4.103 | -869 | 3.008 | 2.524 | 2.703 |

***Samtals frystitogarar á árunum 2009- 2011**

Glögglega má sjá þann mikla samdrátt sem varð í EBT hagnaði veiða milli 2013 og 2014, en EBT hagnaður fer úr tæplega 28 milljörðum króna í tæplega 15 milljarða króna. Skýringa þess er að leita í aflasamdrætti, verðlækkunum sem og hækkunum ákveðinna kostnaðarliða, s.s. fjármagnskostnaðar og annars kostnaðar.

Tafla 3 sýnir þróun EBT hagnaðar ólíkra tegunda vinnslu frá 2009 til 2014.

**Tafla 3: EBT hagnaður fiskvinnslu 2009-2014 m.kr. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagur veiða og vinnslu**

| Hreinn hagnaður EBT m.kr. | Samtals | Frysting botnfisks | Frysting uppsjáv-arfisks | Söltun og hersla | Mjöl-vinnsla | Fersk fisk vinnsla |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2009 | 17.957 | 4.016 | 1.133 | 8.190 | 4.619 | 0 |
| 2010 | 14.694 | 6.740 | 1.901 | 3.568 | 4.173 | -1.689 |
| 2011 | 21.713 | 11.868 | 3.347 | 2.723 | 4.891 | -1.117 |
| 2012 | 24.437 | 12.770 | 3.602 | 1.768 | 8.550 | -2.253 |
| 2013 | 32.779 | 15.003 | 4.231 | 3.133 | 8.409 | 2.003 |
| 2014 | 21.432 | 12.898 | 3.638 | 475 | 4.219 | 202 |

Eins og sjá má dróst hagnaður i vinnslu einnig saman þó sá samdráttur sé minni en í veiðum. Hlutfallslega minni samdráttur EBT hagnaðar vinnslu en veiðum skýrist af minni kostnaðarbreytingum í vinnslu en veiðum.

Í lögum 74/2012 um veiðigjald er lögfest eftirfarandi reikniregla:

0,33(EBT fiskveiða + 0.25(EBT vinnslu)) fyrir uppsjávarfisk;

0,33(EBT fiskveiða + 0,05(EBT í vinnslu)) vegna botnfisks.



Aas DMK JB.

Við útreikning á vinnsluhluta veiðigjalds botnfisks er miðað við að 78% af EBT í frystingu falli undir gjaldstofn botnfisks og 22% undir gjaldstofn vegna uppsjávarfisks. Jafnframt er gert ráð fyrir því að heildarveiði í botnfiski árið 2014 hafi verið 408 þús. afkomuígildistonn ( 2013 voru þau 454 þúsund afkomuígildistonn) og 62 þús. afkomuígildistonn af uppsjávarfiski árið 2014 (voru 176 þúsund afkomuígildistonn árið 2013). Upplýsingar eru fengar frá Hagstofu í ritinu Hagur veiða og vinnsla 2014.

Tafla 4 sýnir samantekt á útreikningi veiðigjalds fyrir fiskveiðiárið 2016/2017 á grundvelli þeirra gagna sem lýst er hér að framan og reiknireglu laganna.

**Tafla 4. Útreikningur veiðigjalds fiskveiðiársins 2016/2017 sbr. reiknireglu**

| EBT Uppsjávarfiskur m.kr. | | | | EBT veiðar á uppsjávarfiski + 25% af vinnslu | 33% | Gjald 2016/17 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Uppsjávarvinnsla | Uppsjávarfrysting | Alls | Veiðar Uppsjávarfrystiskip og veiðiskip | | | |
| 4.219 | 3.638 | 7.857 | 1.834 | 3.798 | 1.253 | **20,29** |
| EBT Botnfiskur m.kr. | | | | EBT veiðar á botnfiski + 5% vinnsla | 33% | |
| Vinnsla botnfisks | | | Veiðar botnfisks | | | |
| 13.575 | | | 13.039 | 13.718 | 4.527 | **11,09** |

Magnforsendur: 61.786 afkomuígildistonn uppsjávarfisks og 408.326 afkomuígildistonn botnfisks.

**Afkomuígildi og ákvörðun veiðigjalds á hvern nytjastofn í krónum á kílógramm óslægðs afla**

Ákvörðun um afkomuígildi ólíkra fisktegunda byggðri á framangreindum forsendum má finna í töflum 5 og 6, fyrir botnfisk annars vegar og uppsjávarfisk hins vegar:

**Tafla 5: Afkomuígildi uppsjávarfisks.**

| Tegund | Aflaverð-mæti (mkr.) | Land-aður afli (tonn) | Veiði-dagar (verð-mæti) | Laun (mkr | Annar breyti-legur kostn-aður (mkr.) | Fram-legð (mkr.) | Fram-legð (kr/kg) | Afkomu - ígildi m.v. þorsk |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kolmunni | 5.997 | 226.045 | 674 | 1.856 | 3.108 | 1.033 | 4,57 | 0,04 |
| Loðna | 2.489 | 80.327 | 182 | 789 | 852 | 847 | 10,55 | 0,09 |
| Makrill | 10.346 | 164.987 | 1.981 | 3.456 | 4.306 | 2.584 | 15,66 | 0,14 |
| Síld | 5.500 | 103.939 | 493 | 1.776 | 2.221 | 1.503 | 14,46 | 0,13 |

**Tafla 6: Afkomuígildi botnfisks.**

| | Afla-verð-mæti (m.kr) | Landað-ur afli (tonn) | Veiði-dagar (verð-mæti) | Laun (mkr) | Annar breyti-legur kostn-aður (mkr) | Framlegð (m.kr) | Framlegð (kr/kg) | Afkomu-ígildi m.v. þorsk |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Áll | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0,00 | 0,00 |
| Annar flatf. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | -213,57 | 0,00 |
| Beitukóngur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0,00 | 0,00 |
| Blágóma | 1 | 23 | 0 | 0 | 0 | 0 | 15,39 | 0,13 |
| Blálanga | 220 | 1.657 | 87 | 71 | 68 | 81 | 48,72 | 0,43 |
| Búrfiskur | 3 | 5 | 1 | 1 | 1 | 1 | 176,27 | 1,54 |
| Dílamjóri | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 8,45 | 0,07 |
| Djúpkarfi | 2.341 | 8.857 | 376 | 845 | 735 | 761 | 85,94 | 0,75 |
| Geirnyt | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2,58 | 0,02 |
| Gjölnir | 0 | 5 | 0 | 0 | 0 | 0 | 22,10 | 0,19 |
| Grálúða | 9.421 | 13.033 | 1.210 | 3.407 | 2.416 | 3.598 | 276,06 | 2,41 |
| Grásleppa | 599 | 3.456 | 2.086 | 144 | 184 | 271 | 78,32 | 0,68 |
| Grásleppuhrogn | 44 | 77 | 118 | 11 | 15 | 18 | 235,32 | 2,06 |
| Grjótkrabbi/klettakrabbi | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0,00 | 0,00 |
| Gullkarfi | 10.792 | 50.302 | 2.531 | 3.740 | 3.130 | 3.922 | 77,97 | 0,68 |
| Gulllax | 574 | 5.332 | 70 | 212 | 166 | 196 | 36,69 | 0,32 |
| Háfur | 1 | 4 | 1 | 0 | 0 | 0 | -8,73 | 0,00 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hákarl | 0 | 10 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1,86 | 0,02 |
| Hámeri | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | -28,84 | 0,00 |
| Hlýri | 399 | 1.708 | 157 | 125 | 92 | 182 | 106,76 | 0,93 |
| Hnísa | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0,00 | 0,00 |
| Humar | 806 | 1.455 | 551 | 250 | 386 | 170 | 116,66 | 1,02 |
| Hvítskata | 1 | 27 | 0 | 0 | 0 | 0 | 17,66 | 0,15 |
| Ígulker | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0,00 | 0,00 |
| Keila | 443 | 3.824 | 214 | 134 | 107 | 202 | 52,78 | 0,46 |
| Kúskel | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0,00 | 0,00 |
| Kræklingur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0,00 | 0,00 |
| Langa | 1.622 | 10.186 | 944 | 491 | 474 | 657 | 64,48 | 0,56 |
| Langlúra | 173 | 1.310 | 150 | 51 | 78 | 43 | 32,60 | 0,28 |
| Lax | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 13,76 | 0,12 |
| Litla brosma | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 8,58 | 0,07 |
| Litli karfi | 39 | 424 | 5 | 14 | 11 | 13 | 31,30 | 0,27 |
| Lúða | 46 | 107 | 20 | 15 | 13 | 18 | 164,26 | 1,44 |
| Lýr | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 11,46 | 0,10 |
| Lýsa | 94 | 836 | 49 | 30 | 29 | 35 | 42,19 | 0,37 |
| Náskata | 1 | 21 | 0 | 0 | 0 | 0 | 14,25 | 0,12 |
| Ósundurliðað | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 130,02 | 1,14 |
| Rauðmagi | 3 | 35 | 54 | 1 | 4 | -2 | -62,96 | 0,00 |
| Rækja | 2.654 | 5.813 | 1.755 | 822 | 1.183 | 650 | 111,83 | 0,98 |
| Sandhverfa | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 339,29 | 2,96 |
| Sandkoli | 25 | 473 | 44 | 7 | 14 | 4 | 9,02 | 0,08 |
| Skarkoli | 1.332 | 7.167 | 905 | 389 | 333 | 610 | 85,14 | 0,74 |
| Skata | 11 | 130 | 8 | 3 | 4 | 3 | 23,53 | 0,21 |
| Skrápflúra | 7 | 91 | 3 | 3 | 2 | 3 | 28,77 | 0,25 |
| Skötuselur | 523 | 923 | 609 | 150 | 206 | 167 | 181,12 | 1,58 |
| Slétti langhali | 2 | 25 | 0 | 1 | 0 | 1 | 24,09 | 0,21 |
| Smokkfiskur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0,00 | 0,00 |
| Snarphali | 1 | 21 | 0 | 0 | 0 | 0 | 17,53 | 0,15 |
| Sólkoli | 671 | 1.731 | 315 | 197 | 159 | 315 | 182,06 | 1,59 |
| Spærlingur | 1 | 27 | 1 | 0 | 0 | 0 | 6,64 | 0,06 |
| Steinbítur | 1.443 | 8.004 | 1.123 | 423 | 387 | 633 | 79,14 | 0,69 |
| Stinglax | 25 | 259 | 3 | 9 | 7 | 9 | 35,10 | 0,31 |
| Stóra brosma | 2 | 35 | 1 | 1 | 1 | 1 | 25,74 | 0,22 |
| Stóri Mjóni | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0,00 | 0,00 |
| Svartháfur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 32,32 | 0,28 |
| Sæbjúga | 46 | 769 | 186 | 13 | 54 | -20 | -26,65 | 0,00 |
| Tindaskata | 28 | 1.174 | 28 | 8 | 9 | 10 | 8,71 | 0,08 |
| Trjónukrabbi | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 75,37 | 0,66 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Túnfiskur | 2 | 3 | 1 | 1 | 2 | 0 | -81,46 | 0,00 |
| Ufsi | 9.494 | 47.988 | 3.771 | 3.255 | 2.700 | 3.538 | 73,73 | 0,64 |
| Urrari | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0,00 | 0,00 |
| Úthafskarfi | 574 | 2.128 | 71 | 213 | 169 | 192 | 90,24 | 0,79 |
| Vogmær | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0,00 | 0,00 |
| Ýsa | 10.398 | 39.288 | 4.963 | 3.228 | 2.493 | 4.677 | 119,04 | 1,04 |
| Þorskur | 59.666 | 241.807 | 39.777 | 18.446 | 13.544 | 27.676 | 114,45 | 1,00 |
| Öfugkjafta | 102 | 523 | 65 | 32 | 49 | 21 | 40,67 | 0,36 |

## Ákvörðun veiðigjaldsnefndar um veiðigjald:

Eigendur íslenskra fiskiskipa sem stunda veiðar á nytjastofnum sjávar skulu greiða veiðigjald eins og fram kemur í töflu 7 og 8. Veiðigjaldið skal greitt vegna afla veiddum á fiskveiðiárinu 2016/2017, sem hefst 1. september 2016 auk afla veiddum á almanaársinu 2017 í tilviki stofna sem stjórnað er með aflamarki sem gefið er út í upphafi árs.

**Tafla 7: Veiðigjald, hvers nytjastofns botnfisks í krónum á hvert kíló óslægðs afla er sem hér segir:**

| | | |
|---|---|---|
| Blágóma | 0,13 | 1,49 |
| Blálanga | 0,43 | 4,72 |
| Búrfiskur | 1,54 | 17,08 |
| Djúpkarfi | 0,75 | 8,33 |
| Gjölnir | 0,19 | 2,14 |
| Grálúða | 2,41 | 26,75 |
| Grásleppa | 0,68 | 7,59 |
| Gullkarfi | 0,68 | 7,55 |
| Gulllax | 0,32 | 3,55 |
| Hlýri | 0,93 | 10,34 |
| Humar | 1,02 | 11,30 |
| Hvítskata | 0,15 | 1,71 |
| Keila | 0,46 | 5,11 |
| Langa | 0,56 | 6,25 |
| Langlúra | 0,28 | 3,16 |
| Lax | 0,12 | 1,33 |
| Litli karfi | 0,27 | 3,03 |
| Lúða | 1,44 | 15,92 |
| Lýr | 0,10 | 1,11 |
| Lýsa | 0,37 | 4,09 |
| Náskata | 0,12 | 1,38 |
| Rækja | 0,98 | 10,84 |

| | | |
|---|---|---|
| Sandhverfa | 2,96 | 32,88 |
| Skarkoli | 0,74 | 8,25 |
| Skata | 0,21 | 2,28 |
| Skrápflúra | 0,25 | 2,79 |
| Skötuselur | 1,58 | 17,55 |
| Slétti langhali | 0,21 | 2,33 |
| Snarphali | 0,15 | 1,70 |
| Sólkoli | 1,59 | 17,64 |
| Steinbítur | 0,69 | 7,67 |
| Stinglax | 0,31 | 3,40 |
| Stóra brosma | 0,22 | 2,49 |
| Svartháfur | 0,28 | 3,13 |
| Trjónukrabbi | 0,66 | 7,30 |
| Ufsi | 0,64 | 7,14 |
| Úthafskarfi | 0,79 | 8,74 |
| Ýsa | 1,04 | 11,53 |
| Þorskur | 1,00 | 11,09 |
| Öfugkjafta | 0,36 | 3,94 |
| Aðrar tegundir | | 1,00 |

**Tafla 8: Veiðigjald, hvers nytjastofns uppsjávarfisks í krónum á hvert kíló óslægðs afla er sem hér segir:**

| Tegund | Afkomu-ígildi m.v. Þorsk | Veiðigjald kr/kg |
|---|---|---|
| Kolmunni | | 1,00 |
| Loðna | 0,09 | 1,87 |
| Makrill | 0,14 | 2,78 |
| Síld | 0,13 | 2,56 |